

Eftirfarandi grein var sótt af Tímarit.is þann 29. nóvember 2022 klukkan 14:19

**Titill**

Hver erum við?

**Höfundur**

Guðmundur Hálfðanarson (1956)

**Tímarit**

Saga

47. árgangur 2009

2. tölublað

Bls. 158-174

**Vefslóð**

<https://timarit.is/gegnir/001147388>

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn á og rekur Tímarit.is. Safnið áskilur sér engan rétt á því myndefni sem birtist á vefnum. Öll endurnot á stafrænum myndum af efni sem fallið er úr höfundarrétti eru heimil án endurgjalds eða leyfis frá safninu.

Birting á Tímarit.is á efni í höfundarrétti er skv. samningi við réttihafa. Safnið á því ekki höfundarrétt að efni sem birt er á vefnum. Öll endurnot, bæði á texta og stafrænum myndum, á efni sem enn er í höfundarrétti eru því óheimil án leyfis viðkomandi réttihafa.

## Hver erum við?

Um „okkur“, „hin“, Icesave og ábyrgð þjóðar

„Við erum enn að spyrja okkur lykilspurninga varðandi þetta mál“, varð blaðamanni nokkrum að orði í útvarpsþætti í síðastliðnum septembermánuði. Í þættinum voru fréttir liðinnar viku gerðar upp og þar með auðvitað eitt helsta hitamál þessa árs, afgreiðsla og aðdragandi svokallaðs Icesave-samnings Íslendinga við Breta og Hollendinga. Sagðist blaðamaðurinn vera verulega óánægður með tilurð hans: „Að við séum látin taka þennan pakka og við virðumst aldrei hafa náð að leiða þessar viðræður eða búa okkur til vígstöðu sem var skiljanleg og maður spyr sig ennþá: af hverju vorum við í raun og veru að ganga fram og taka þennan reikning?“<sup>1</sup> Þessar skoðanir þurfa ekki að koma á óvart, því að fáir Íslendingar eru ánægðir með að vera dregnir til ábyrgðar á skuldum fallins einkabanka. Það sem vakti athygli mína var því ekki endilega inntak orðanna, heldur frekar hvernig blaðamaðurinn orðaði óánægju sína, og þá ekki síst hvernig hann notaði persónufornafnið í fyrstu persónu fleirtölu.

Skilgreining hugtaksins „við“ er lykilatriði í pólitískri umræðu, því að með afmörkun „okkar“ ákvarðar fólk hvaða hópi það telur sig — og telst af öðrum — tilheyra og fyrir hönd — eða til — hverra það talar hverju sinni. Afmörkun slíkra hópa er þó sjaldan mjög afdráttarlaus eða endanleg, því að flestir einstaklingar tilheyra mörgum hópum í senn og það fer eftir samhengi hvers máls hvar línur eru dregnar á milli „okkar“ og „hinna“. Stundum höfum við frjálst val í þessum efnum, getum skipt um „lið“ og sagt okkur úr félögum eða flokkum að vild, án verulegra erfiðleika eða eftirmála, en í öðrum tilvikum er málið öllu flóknara. Það á ekki síst við ef aðgangur að þeim hópum sem við teljumst — eða viljum — tilheyra er takmarkaður eða ef fólk er nær því skyldað til aðildar í einhverjum tilteknum hópi. Gott dæmi um hið síðasttalda eru þjóðir. Að sumu leyti eru þær frekar óljós og nánast valfrjáls fyrirbæri, því að erfitt er að neyða nokkurn

1 Viðmælandinn var Sigurður Már Jónsson, þáverandi blaðamaður *Viðskiptablaðsins*, en orðin féllu í þættinum „Vikulokin“, 19. september 2009. Vef. <http://dagskra.ruv.is/ras1/4493346/2009/09/19/>, sótt 2. október 2009.

mann til að teljast Íslendingur eða banna honum eða henni að líta á sig sem slíka(n). En þjóðir eru einnig skilgreindar með afgerandi hætti í lögum, enda er gengið út frá því nú á tímum að allir hljóti að tilheyra a.m.k. einni þjóð. Hvað skilgreiningu íslenskrar þjóðar varðar má benda á að einföld og afdráttarlaus mörk eru dregin á milli „okkar“ (Íslendinga) og „hinna“ (útlendinga) í fyrstu grein útlendingalaga, en þar segir: „Með útlendingi er í lögum þessum átt við hvern þann einstakling sem ekki hefur íslenskan ríkisborgararétt.“<sup>2</sup> Íslendingur er þar með hver sá sem hefur leyfi til að bera íslenskt vegabréf, með þeim réttindum og skyldum sem því fylgja. Þessi skilgreining er auðvitað ekki einhlít, því að þegar lítið er á íslenska þjóð sem menningarlegt fyrirbæri skipta lagaleg réttindi ekki höfuðmáli heldur frekar tilfinning um uppruna, sögu, móðurmál og ættartengsl.

Þótt blaðamaðurinn sem vitnað var til að framan hafi ekki útskýrt það nánar mátti þó skilja mál hans sem svo að með „okkur“ hafi hann vísað til íslensku þjóðarinnar, eða a.m.k. þess hluta hennar sem er fjárhagslega skuldbundinn af Icesave-samningnum. Málið er þó tæplega svo einfalt. Enginn efast um að Icesave-skuldin tengist starfsemi íslensks banka, og því mætti álykta sem svo að einhverjum Íslendingum komi „reikningurinn“ við. Þetta má því skilja þannig að blaðamaðurinn flokki ekki alla Íslendinga með „okkur“, þ.e. að „við“ séum aðeins sá hluti þjóðarinnar sem enga ábyrgð ber á Icesave-skuldinni. Svipaður skilningur á persónuafnafninu kom fram í máli fyrrverandi forsætisráðherra og seðlabankastjóra, Davíðs Oddssonar, þegar hann lýsti því svo eftirminnilega yfir í október á síðasta ári að „við ætlu[ðu]m ekki að borga erlendar skuldir óreiðumanna“.<sup>3</sup> Í þessum átta orðum birtist kjarni andstöðunnar við Icesave-samninginn á Íslandi; annars vegar viljum „við“ ekkert með meinta „óreiðumenn“ hafa, og hins vegar greiðum „við“ (þ.e. Íslendingar að frádregnum óskilgreindum hópi óreiðumanna) ekki erlendar skuldir bankanna, þótt „við“ viðurkennum ábyrgð okkar á innlendum skuldum þeirra.

Erfitt væri að halda því fram að umræðurnar um Icesave-samninginn hafi alltaf verið sérlega uppbyggilegar eða málefnalegar en

2 Vef. „Lög um útlendinga“, lög nr. 96/2002, <http://www.althingi.is/lagas/137/2002096.html>, 5. október 2009.

3 Þetta kom fram í viðtali Sigmars Guðmundssonar fréttamanns við Davíð Oddsson í Kastljósi Sjónvarpsins hinn 7. október 2008. Sjá má brot úr þættinum á netveitunni Youtube. Vef. „Davíð Oddsson comments on external debt“, [http://www.youtube.com/watch?v=26irOb\\_RxhU](http://www.youtube.com/watch?v=26irOb_RxhU), sótt 5. október 2009. Einnig er vitnað til þessara orða í *Fréttablaðinu* 8. október 2008, bls. 2.

samt varpa þær áhugaverðu ljósi á orðræðuhefð í íslenskri þjóðmála-umræðu, sérstaklega þegar kemur að samskiptum Íslendinga við aðrar þjóðir. Hvernig eru línur dregnar á milli „okkar“ og „hinna“, og hvernig mótar afstaðan til „hinna“ sýn landsmanna á samfélagslegar skyldur sínar og réttarstöðu? Og hvernig getum við skýrt það að skoðanir „okkar“ á umræddum lánasamningi og ástæðum hans stangast svo illilega á við hugmyndir ráðamanna í nágrannlöndunum um sömu hluti? Ávallt er gagnlegt að spyrja sig slíkra spurninga en það er nauðsynlegt nú þegar þjóðin tekst á við samfélagslegt og pólitískt gjaldþrot, því að um leið og lausn Icesave-deilunnar er stefnumótandi fyrir það hvernig unnið verður úr þeim fjárhagslegu hremmingum sem þjóðin hefur lent í (eða kallað yfir sig) að undanfögnu, þá tengist hún einnig spurningunni um það hvernig Íslendingar ætla að staðsetja sig í heiminum í framtíðinni.

### *Við og hinir*

Eitt einkenni Icesave-deilunnar á Íslandi er sú tilhneiging að líta á hana sem stríð „okkar“ við óbilgjarnar stórþjóðir og alþjóðastofnanir sem neyta aflsmunar í samskiptum sínum við smáþjóð. „Okkur líkar ekki“, sagði t.a.m. Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs og fyrrverandi heilbrigðisráðherra, skömmu eftir að hann sagði af sér ráðherradömi vegna óánægju með stefnu ríkisstjórnarinnar í málinu, „þegar Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Evrópusambandið ganga erinda breskra og hollenskra stjórnvalda og neyða okkur að borga umfram það sem okkur ber skylda til“.<sup>4</sup> Annar fyrrverandi ráðherra, Einar K. Guðfinnsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hefur á svipaðan hátt efast um heilindi stjórnvalda vinnuþjóða Íslendinga í þessu máli, því að honum sýnast þær allar hafa sviðið Íslendinga á ögurstundu: „Þau telja að okkur beri greiðsluskylda og voru reiðubúin til þess að beita okkur hörðu til þess að sveigja okkur til að fallast á þá skoðun sína. Þar var engum vinum að mæta; þvert á móti. Það var ljóst að þessar þjóðir beittu meðal annars áhrifum sínum innan Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til þess að beygja okkur undir þessa skoðun sína.“<sup>5</sup> Stundum verður málflutningurinn ennþá dramatískari, eins og lesa má í pistli Bjarna Harðarsonar, fyrrverandi þingmanns Framsóknarflokksins, á fréttavefnum AMX:

4 „Fé kúgað út úr Íslandi“, *Morgunblaðið* 3. okt. 2009, bls. 2.

5 Vef. Einar K. Guðfinnsson, „Afstaða okkar til Icesavemálsins“, fréttaskýringavefurinn AMX, 1. sept. 2009, <http://www.amx.is/pistlar/9281/>, sótt 5. október 2009.

„Um aldri hafa breskir, hollenskir og aðrir evrópskir nýlenduherrar farið um lönd annarra þjóða með þeim yfirgangi að oft hefur tekið kynslóðir fyrir þjóðir að jafna sig eftir þær heimsóknir ... Þá hafa evrópskir togarar þurrkað upp fiskimið fjarlægra þjóða, evrópskar sprengiflugvélar lagt heimili fjarlægra íbúa jarðar í rúst, nú síðast í Írak.“<sup>6</sup>

Þegar litið er á málið með þessum hætti verður niðurstaðan nokkurn veginn gefin, enda er það skylda hvers þjóðholls manns að láta hvergi undan síga þegar að „okkur“ er vegið. Að mörgu leyti hljóma þessi rök býsna kunnuglega, því að Íslendingar hafa lengi haft tilhneingingu til að túlka utanríkismál sín sem þrotlausa baráttu við erlend öfl — sem eilífa sjálfstæðisbaráttu. Þetta skýringarlíkan var notað með ágætum árangri af andstæðingum Atlantshafsbandalagsins og bandaríska hersins í kalda stríðinu,<sup>7</sup> af fólki úr öllum flokkum í þorskastríðunum,<sup>8</sup> andstæðingum erlendra fjárfestinga í stóriðju á 7. og 8. áratugnum<sup>9</sup> og því hefur óspart verið beitt í kjölfar bankahrunsins. Á árunum eftir síðari heimsstyrjöld var það einkum fólk á vinstri kantinum sem sótti vopn í þessa smiðju, enda tengdust meintir óvinir þá yfirleitt Bandaríkjunum eða alþjóðlegum auðhringum. Frá falli Berlínarmúrsins hefur sviðið opnast á ný fyrir stjórnmálamenn í öllum regnbogans litum, þannig að líkingamál sjálfstæðisbaráttunnar heyrist nú jafnt frá mönnum á vinstri og hægri væng stjórnmálanna. „Þetta eru einhver hryllilegustu mistök í samningsgerð sem hafa verið gerð frá því árið 1262“, sagði t.a.m. Davíð Oddsson um Icesave-samninginn í viðtali við blaðamann *Morgunblaðsins* snemma í júlímánuði 2009,<sup>10</sup> og þar með var ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur dregin í dilk með höfðingjum 13. aldar sem sömdu

6 Vef. Bjarni Harðarson, „Af hverju skrifar Ísland upp á Icesave?“, fréttaskýringavefurinn AMX 27. ágúst 2009, <http://www.amx.is/pistlar/9184/>, sótt 5. október 2009.

7 Valur Ingimundarson, *Í eldlinu kalda stríðsins* (Reykjavík: Vaka-Helgafell 1996) og *Uppgjör við umheiminn. Íslensk þjóðernishyggja, vestrænt samstarf og landhelgisdeilan* (Reykjavík: Vaka-Helgafell 2001).

8 Guðni Th. Jóhannesson, „Þorskastríðin. Baráttu við erlenda fjandmenn og innlendar goðsagnir“, *Skírnir* 182 (haust 2008), bls. 456–471.

9 Guðmundur Hálfðanarson, „Hver á sér fegra föðurland. Staða náttúrunnar í íslenski þjóðernisvitund“, *Skírnir* 173 (haust 1999), bls. 304–336.

10 „Ætla að dæma þjóðina til ávarandi fátæktar“, *Morgunblaðið* 5. júlí 2009, bls. 14. Þór Saari, þá þingmaður Borgarahreyfingarinnar, lét svipuð ummæli falla í fréttum Ríkisútvarpsins í júlí sl. Vef. Útvarpsfréttir kl. 18, 23. júlí 2009, „Stjórnarandstaðan hafnar Icesave“, <http://dagskra.ruv.is/ras1/4463187/2009/07/23/3/>, sótt 7. ágúst 2009.

landið undir Noregskonung. Guðni Ágústsson hjó í þennan sama knérunn nokkrum dögum síðar þegar hann líkti Steingrími J. Sigfússyni fjármálaráðherra, sem mælt hafði hvað harðast fyrir samþykkt Icesave-samningsins á þingi, við Gissur Þorvaldsson<sup>11</sup> — og sjálfsagt hafði Guðni þar *Íslands sögu* forvera síns á formannsstóli Framsóknarflokksins í huga, þar sem „íslenzki jarlinn“ fær þá einkunn að hann hafi verið fremstur þeirra „skammsýnu [manna], sem höfðu ætlað að byggja upp hefð sína á niðurlægingu þjóðarinnar“ í lok Sturlungaaldar.<sup>12</sup>

Líta má á hugmyndina um hina eilífu sjálfstæðisbaráttu sem eins konar allsherjar skýringarlíkan fyrir íslensk utanríkismál, íslenska stórsögu.<sup>13</sup> Þar er gengið út frá því að fullveldið hafi fengist fyrir hetjulega baráttu þjóðarinnar, undir leiðsögn sjálfstæðishetja á borð við Jón Sigurðsson, um leið og það er talið vera í stöðugri hættu vegna erlendrar ásælni. Athyglisvert dæmi um þessa sýn á Íslands-söguna, og hvernig hún stýrir túlkun lesenda á heimildum, má finna í *Þjóðviljanum* 17. júní 1951. Það ár var sjö ára afmæli lýðveldisins haldið í skugga komu erlends hers til Íslands, en „landráðasamningur“ — eða „varnarsamningur“ — við Bandaríkjastjórn var undirritaður rétt rúmum mánuði fyrr. *Þjóðviljinn* var að vonum í baráttuham þennan dag og mótmælti því harðlega hvernig þeir sem höfðu svarið lýðveldinu „dýrasta eidda á morgni þess“ hefðu nú „svikið og svívirt“ það. „Þessvegna verða Íslendingar að búa við þá þungu skapraun á þessum þjóðhátíðardegi að land þeirra er vettvangur bandaríks innrásarliðs, sem ógnar frelsi, menningu, tungu og manndómi þessarar fámennu þjóðar.“<sup>14</sup> Undir yfirskriftinni „Þjóðfylking um sjálfstæðið“ skrifuðu tveir ónafngreindir höfundar sína hugvekjuna hvor til lesenda blaðsins í þessum sama anda. Báðar hefjast greinarnar á tilvitnunum í skrif Jóns Sigurðssonar í *Nýjum félagsritum* sem höfundunum tveimur þóttu greinilega lýsandi fyrir það ástand sem ríkti í landinu um miðja 20. öld. Önnur klausan var tekin úr um-

11 Guðni Ágústsson, „Gissur jarl í Steingrímshöfði“, *Morgunblaðið* 16. júlí 2009, bls. 18.

12 Jónas Jónsson, *Íslands saga* 2. hefti (Reykjavík: Ríkisútgáfa námsbóka, án útgáfuárs), bls. 55.

13 Guðmundur Hálfðanarson, „Stöndum sem einn veggur gegn öllu erlendu valdi.“ Hugleiðingar um söguskoðun og íslenska fullveldispolitík“, *Heimtur. Ritgerðir til heiðurs Gunnari Karlssyni sjötugum*. Ritstj. Guðmundur Jónsson, Helgi Skúli Kjartansson og Vésteinn Ólason (Reykjavík: Mál og menning 2009), bls. 146–159.

14 „Bæjarpósturinn“, *Þjóðviljinn* 17. júní 1951, bls. 4.

fjöllun Jóns frá árinu 1842 um Alþingi, en þar er rætt um það hvernig Íslendingar ættu að bregðast við ef landið yrði hertekið:

Látum oss ímynda oss að vér yrðum fyrir árásum útlendrar þjóðar, og hún tæki sér nokkra staði í landinu og byggji þar um sig meir og meir; ættum vér þá að horfa á meðan hún væri að því og sitja aðgjörðarlausir? Eða ættum vér að koma saman á eyðimörku langt uppi í landi og halda þar samkomur og skemmta oss og forðast að koma nærri fjandmönnum, þangað til þeir væru orðnir svo rammir að vér gætum ekkert aðhafzt?<sup>15</sup>

Þessi ummæli urðu Þjóðviljahöfundinum tilefni harðrar gagnrýni á dvöl bandarískis hers í landinu. „Í dag býr þjóðin við þær aðstæður sem Jón Sigurðsson lýsti fyrir rúmri öld“, skrifaði hann. „Útlend þjóð hefur gert árás á Íslendinga, hún hefur tekið sér nokkra staði í landinu og býr þar um sig meir og meir.“ Brýndi höfundur þjóðina til dáða: „eigum við að láta eins og ekkert hafi gerzt, flýja af hólmi og una við fánýt viðfangsefni þar til árásarþjóðin hefur bundið íslenzku sjálfsforræði þann endahnút sem aldrei mun rakna? Svárið kemur frá Jóni Sigurðssyni, frá hinni látlausu, ópreytanlegu sjálfstæðisbaráttu hans og kristallast í kjörorði ævi hans: Eigi víkja.“ Höfundurinn gekk út frá því að hernámið myndi „hafa áhrif á daglegt líf hvers einasta manns“, en gegn slíkum áhrifum gætu landsmenn helst brynjað sig með því að „beita vopnum andans, menningu sinni, þjóðlegum metnaði og sívaxandi samheldni og einingu um réttindi sín“. Gegn ofureflinu gat vopnlaus þjóð þó aðeins barist með samstöðu og stillingu, og því bar „hverjum Íslendingi að sýna köldustu kurteisi“ í samskiptum sínum við bandaríska herinn „og forðast alla þá sambúð sem ekki er alveg óhjákvæmileg. Enginn Íslendingur með virðingu fyrir sjálfum sér eyðir frítímum sínum í hópi árásarhermanna, skemmtir sér með þeim eða talar við þá.“<sup>16</sup>

Athyglisvert er að sjá hér hvernig greinarhöfundur sníður málflutning Jóns Sigurðssonar að röksemdum sínum, því að ef lesið er ögn lengra í grein forsetans kemur í ljós að hann dró allt aðrar niðurstöður en Þjóðviljahöfundurinn af dvöl útlendinga í landi „voru“:

Ög nú er ekki hjá oss að gjöra ráð fyrir slíku, þaræð Danir búa ekki í landi voru sem fjandmenn, heldur sem vinir vorir og bræður, sem geta kennt oss mart og orðið oss að enu mesta gagni,

15 „Þjóðfylking um sjálfstæðið. Viðnámsbarátta Íslendinga“, *Þjóðviljinn* 17. júní 1951, bls. 5. Tilvitnunin er tekin úr Jón Sigurðsson, „Um alþing“, *Ný félagsrit* 2 (1842), bls. 60.

16 „Þjóðfylking um sjálfstæðið. Viðnámsbarátta Íslendinga“, bls. 5.

ef vér ekki af einþykkni vorri og þverhöfðaskap forðumst þá, og með deyfð og ómennsku og virðingarleysi á sjálfum oss erum orsök til, að þeir kasta á oss óvirðing og taka af oss ráðin, þegar vér nenum ekki að hafa þau á höndum sjálfir, eða gæta réttar vors.<sup>17</sup>

Að mati Jóns Sigurðssonar átti því ekki að líta á útlendingana á Íslandi sem fjandmenn heldur vini þjóðarinnar, og hann hvatti Íslendinga til að hafa eins mikil samskipti við þá og unnt var, því að af þeim gætu landsmenn lært nýja siði sem efldu djörfung og hug með þjóðinni. Takmarkið var auðvitað fullt sjálfstæði Íslendinga, en það fékkst ekki með einangrun, eða með því að leita til fortíðar að fyrirmyndum fyrir framtíðina, heldur með nánnum og fjölpættum samskiptum við umheiminn.

Textatúlkun Þjóðviljahöfundarins var greinilega mótuð af fyrirframgefnum hugmyndum hans um þjóðhetjuna, því að hann notar orð Jóns Sigurðssonar til að eggja landsmenn til þess að einangra útlendingana á Íslandi, loka þá eiginlega í sinni eigin „eyðimörku“. Þar var gengið út frá því að íslenskri menningu stafaði bráð hættu af hvers konar samskiptum við erlenda hermenn: „Tungan verður í hættu, þjóðlegar bókmenntir heyja baráttu við bandarísk hasarblöð og sorpkvikmyndir, sérstaklega verður reynt að halda bandarískum afsiðunaráhrifum að æskulýðnum“, ályktaði hann. Taldi höfundurinn einnig auðsýnt að gæta yrði að öllum réttindum Íslendinga í samskiptum við útlendingana „því sem ágengni hernámsliðsins vex er hætt við að tilfinning almennings fyrir sjálfsögðum réttindum sínum sljóvgist“.<sup>18</sup> Af orðum Jóns Sigurðssonar sjálfs má ráða að hann óttaðist ekki slíkt, þvert á móti, enda var grein hans einmitt skrifuð til stuðnings þeirri óvinsælu skoðun hans að Alþingi ætti að halda í „hálfðönskum bæ“ fremur en í hjarta íslenskrar þjóðarvitundar, á Þingvöllum.

Af þessu dæmi sést hversu flókin samræðan á milli nútíðar og fortíðar getur verið, því að um leið og hugmyndir um söguna móta skilning okkar á samtímanum þá mótar samtíminn skilning manna á sögunni. Hér skipta staðreyndir ekki öllu máli — t.d. stendur flestum greinilega alveg á sama hvort sá Gamli sáttmáli sem við þekkjum nú er raunverulega frá síðari hluta 13. aldar eða hvort hann var síðari tíma fölsun<sup>19</sup>

17 Jón Sigurðsson, „Um alþing“, bls. 60.

18 „Þjóðfylking um sjálfstæði. Viðnámsbarátta Íslendinga“, bls. 5.

19 Hér má benda á áhugaverðar hugmyndir Patriciu Boulhousa um uppruna „Gamla sáttmála“, í P. Boulhousa, *Gamli sáttmáli. Tilurð og tilgangur* (Reykjavík: Sögufélag 2006).



— heldur reiða menn sig frekar á það hvernig þeir „muna“ hið liðna. Styrkur málflutnings *Þjóðviljans* fólst einmitt í því að andstæðingarnir, sem voru að mati blaðsins „landráðamenn, margfalt verri og samvizkulausari en höfðingjar Sturlungaaldarinnar“,<sup>20</sup> litu í raun mjög svipuðum augum á sjálfstæðið og meintan hreinleika íslenskrar menningar þótt þeir kæmust að allt annarri niðurstöðu um það hvernig best væri að verja fullveldi Íslands. Undir fyrirsögninni „Hin sanna sjálfstæðisbarátta“ tengdi höfundur leiðara *Morgunblaðsins* 17. júní 1951 lýðveldisafmælið við sögu þjóðarinnar og aðstæður í heims-málunum á viðsjárverðum tímum. „Sjálfstæðisbarátta Íslendinga heldur áfram um aldur og ævi“, segir þar. „Hún er í því fólgin að vinna fyrir hugsjón frelsis og mannrjettinda gegn hverskonar kúgun og ofbeldi. Hún felst í því að varðveita og efla frelsi íslensku þjóðarinnar út á við og inn á við, tryggja aðstöðu hennar í samfelagi frjálsra þjóða og skapa rjettlátt og rúmgott þjóðfjelað í landi hennar.“<sup>21</sup> Af þessu má ráða að *Morgunblaðið* leit á dvöl bandaríska hersins á Íslandi sem nýjan áfanga í frelsisbaráttu Íslendinga, því að Bandaríkjamenn væru bandamenn „okkar“ í hatrammri baráttu þjóðarinnar gegn rauðu hættunni. Dvöl hersins í landinu var þarafleiðandi hvorki afsal né framsal fullveldis til erlends herveldis, heldur einungis nauðsynlegur þáttur í viðleitni Íslendinga til að verja nýfengið sjálfstæði. Þrátt fyrir þetta litu stuðningsmenn „varnarliðsins“, alveg eins og „hernámsandstæðingar“, á bandarísku hermennina sjálfa sem ógn við íslenska menningu, því að smám saman voru reistir múrar í kringum herstöðina á Miðnesheiði í því skyni að takmarka sem mest samskipti Íslendinga við þá.<sup>22</sup> Bandaríkin voru sem sagt verndarar íslensks sjálfstæðis, en Íslendingar vildu samt hafa sem minnst með Bandaríkjamenn að gera.

Nú þegar Kaninn er horfinn á braut hljóma þessar deilur kalda stríðsins eins og stormur í vatnsglasi. Siðferði íslenskra unglunga og íslenskri menningu varð ekki sérlega meint af samneytinu við erlendan her og fullveldið var jafn óskert þegar herinn fór og það var þegar hann kom. Það er líka ljóst að ef Íslendingar þörfuðust verndar erlends hers um miðja síðustu öld þá er sú þörf ekkert minni nú, því að þótt kalda stríðinu sé lokið fer því fjarri að brostinn sé á eilífur friður í heiminum. En meginmarkmið hernaðarumsvifa Bandaríkjamanna

20 „Við getum unnið sigur í baráttu við ægilegasta herveldi heims“, *Þjóðviljinn* 18. maí 1951, bls. 5.

21 „Hin sanna sjálfstæðisbarátta“, *Morgunblaðið* 17. júní 1951, bls. 6.

22 Sjá Valur Ingimundarson, *Uppgjör við umheiminn*, bls. 66–92.

var auðvitað aldrei að verja „okkur“, hvað sem stuðningsmenn þeirra fullyrtu, ekkert frekar en þeir ætluðu sér að leggja landið undir sig eins og andstæðingarnir voru vissir um. Í augum Bandaríkjamanna var Ísland einfaldlega mikilvægur hlekkur í varnarkeðju þeirra á Norður-Atlantshafi á meðan þeir litu á Sovétríkin sem sinn helsta óvin. Varnir Íslands voru þeim aftur á móti algert aukaatriði, enda er frekar ólíklegt að sovéskir ráðamenn hafi nokkurn tíma íhugað árás á Ísland í nokkurri alvöru. En sökum þess að íslenskir stjórn-  
málamenn áttu erfitt með að skýra þátttöku landsins í kalda stríðinu út frá alþjóðlegum forsendum eingöngu, þá snerust stjórn-  
máladeilur hér á landi iðulega upp í kappræður um það hvor aðilinn ynni Ís-  
landi og fullveldi þess meira — enda þótt þeir ættu í raun þessa  
fölskvalausu ættjarðarást í sameiningu.

### *Ekki benda á mig ...*

Ýmislegt bendir til þess að sú tilfinning sé enn útbreidd hér á landi að líta verði á heimsmálin sem eilífa baráttu fyrir sjálfstæði þjóðarinnar, þar sem „okkur“ ber að standa saman gegn erlendum yfirgangi. Þessi skoðun kom skýrt fram í nýlegum leiðara *Morgunblaðsins*, þar sem höfundurinn setti áðurnefnda Icesave-deilu upp sem eins konar kapp-  
leik á milli tveggja íþróttaliða. Honum þótti sú afstaða íslenskra  
stjórnvalda að vilja semja um málið við aðrar þjóðir í hæsta máta  
óeðlileg; sú „tilfinning er farin að grafa um sig“, segir leiðarahöf-  
undurinn, „að forystumenn íslensku þjóðarinnar hafi um nokkurt  
skeið verið í vitlausu liði. Þeir séu eins og landsliðsmenn, sem óvænt  
taka að spila á eigið mark. Þeir halda ætíð á lofti sjónarmiðum Breta  
og Hollendinga í Icesave-málinu en gera lítið úr eða snúa jafnvel út  
úr röksemdum, sem gagnast mega málstað Íslands.“<sup>23</sup>

Hér minnir margt á orðræðuhefð kaldastríðsáranna, þótt orðfærið  
sé nokkuð hógværra en þá tíðkaðist. Icesave-deilan er í eðli sínu  
stríð á milli „okkar“ og „hinna“, og mestu skiptir að „við“ leikum  
eins og eitt lið og verjum rétt þjóðarinnar til síðasta manns — annað  
væru svik, landráð. Vandinn hér er þó sá að Icesave-deilan fellur illa  
að einföldu skýringarlíkani sjálfstæðisbaráttunnar, því að víglínurnar  
eru fjarri því að vera skýrar eða aðgreining „okkar“ og „hinna“ aug-  
ljós. Þar má benda á sem dæmi að annar ábyrgðarmanna leiðara

23 „Bréf Jóhönnu“, *Morgunblaðið* 13. okt. 2009, bls. 18. Liðslíkingin er reyndar ekki  
ný, sbr. Stefán Már Stefánsson og Lárus L. Blöndal, „Í hvaða liði eru stjórnvöld“,  
*Morgunblaðið* 3. mars 2009, bls. 19.

*Morgunblaðsins*, Davíð Oddsson ritstjóri blaðsins, var forsætisráðherra á þeim tíma þegar íslensku ríkisbankarnir voru einkavæddir og þær reglur mótaðar sem þeir störfuðu eftir. Eftir að Davíð hætti formlegum afskiptum af stjórnmálum varð hann yfirmaður Seðlabanka Íslands og gegndi sem slíkur lykilllutverki í eftirliti með bönkunum og mótun íslenskrar peningastefnu í aðdraganda hrunsins. Það er því engin furða að sumir telja hann eiga nokkra sök á því hruni sem varð í íslensku fjármálakerfi í október 2008.<sup>24</sup> Hvort sem það er réttmæt ályktun eða ekki er það örugglega málstað Davíðs Oddssonar í hag að við endursendum „Icesave-pakkann“ án hiks aftur til útlanda og flokkum ritstjórnann skilyrðislaust sem liðsmann í „okkar“ liði. Svipaða sögu má segja um forsvarsmenn Landsbankans á útþensluárum hans. Að mati fyrrverandi varaformanns bankaráðs Landsbankans, Kjartans Gunnarssonar, verður þeim ekki kennt um Icesave-samningana.<sup>25</sup> Skilja má málf lutning hans þannig að fall bankans hafi fyrst og fremst komið til vegna „hryðjuverkaárásar“ Breta, og þar hafi ákvarðanir stjórnenda bankans eða rekstur engu máli skipt. Þar að auki, fullyrðir varaformaðurinn, ætlaði Landsbankinn alls ekki „að baka íslenskum almenningi stórkostlegt tjón“ með Icesave-reikningum sínum í Bretlandi, „og því var aldrei haldið fram af honum að neins konar ríkisábyrgð fylgdi störfum hans, hvorki í Bretlandi né annarsstaðar“. Uppgjör Icesave-reikninganna var því algerlega á ábyrgð ríkisstjórnar Íslands „sem gengur hér erinda Breta af meiri hörku og óbilgirni en dæmi eru til“, en alls ekki þeirra sem stofnuðu reikningana í Bretlandi og Hollandi. Þetta má skilja sem svo að Landsbankamenn flokki sig einnig í „okkar“ liði.

Það flækir einnig þessi átök að inntak þeirra hefur breyst hratt á undanförunum mánuðum. Allt fram undir það að íslensku bankarnir hrundu eins og spilaborgir litu Íslendingar á þá sem „sín“ fyrirtæki og tóku erlenda gagnrýni á rekstur þeirra fremur óstinnt upp. Margir litu á íslenska viðskiptajöfra sem eins konar þjóðhetjur, þótt vissulega væri kvartað yfir ofurlaunum þeirra og hóflausri eyðslu — þeir voru útrásarvíkingarnir „okkar“ og framgangur þeirra á erlendri grund bar vott um náttúrulegt frumkvæði og kraft sem þótti skilja

24 Sjá t.d. Robert Wade, „Iceland as Icarus“, *Challenge* 52:3 (2009), bls. 5–33.

25 Kjartan Gunnarsson, „Vondur samningur“, *Morgunblaðið* 14. ágúst 2009, bls. 21. Fyrrverandi bankastjóri Landsbankans hefur tekið undir með varaformanninum um ríkisábyrgð á Icesave-reikningum, sjá *Vef. Sölvi Tryggvason, „Sigurjón Þ. Árnason: Engin ríkisábyrgð“*. Pistill á vefritinu Pressan 12. október. 2009, <http://pressan.is/Vidskipti/Lesavidskiptafrettir/sigurjon-th.arnason-engin-rikisabyrgd>, sótt 13. október 2009.

Íslendinga frá öðrum þjóðum.<sup>26</sup> Í skýrslu sinni um bankahrunið leiðir finnski bankasérfræðingurinn Kaarlo Jännäri líkur að því að slík viðhorf hafi einmitt gert íslenskum eftirlitsstofnunum erfitt um vik við að setja skorður við útþenslu bankanna, sem varð aftur ein helsta orsök hrunsins.<sup>27</sup> Ekki er auðvelt að meta slíka þætti eftir á, en í það minnsta má sjá ýmis merki þess að þeir fáu sem mótmæltu gegndarlausri útþenslu íslensku bankanna á árunum eftir einkavæðinguna hafi fengið lítinn hljómgrunn í pólitískri umræðu á Íslandi. Í þeim tilvikum þegar gagnrýnin kom að utan var hún gjarnan dæmd sem illkvittinn áróður eða öfund útlendinga — „hinna“ — í garð Íslendinga — „okkar“ — oft í samstarfi við „hraðlygna Íslendinga“<sup>28</sup> — eða „grátkór“ erlendra samkeppnisfyrirtækja.<sup>29</sup> Þau vandamál sem virtust steðja að íslenska fjármálakerfinu strax snemma árs 2006 voru því rakin til árása erlendra fjölmiðla og sérfræðinga á íslenska hagkerfið frekar en vafasams reksturs bankanna.<sup>30</sup>

Ekki er óeðlilegt að tekist sé á um jafn gríðarlega fjárskuldbindingu og felst í Icesave-samningi Íslendinga við Breta og Hollendinga, en það þjónar tæplega hagsmunum Íslendinga til lengri tíma að líta á málið eins og landsleik í íþróttum — eða sem enn einn áfangann í eilífri sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Á þann hátt er sjónum beint frá þeirri staðreynd að hrun bankanna var að stórum hluta heimatilbúið vandamál, því að annars vegar urðu íslensku bankarnir einfaldlega gjaldþrota og hins vegar gátu stjórnvöld ekki varið íslenska fjármálakerfið á sama hátt og stjórnvöld annarra ríkja studdu við sín, af því að bankarnir höfðu vaxið ríkinu langt yfir höfuð. „Við“ berum því á endanum nokkra siðferðilega ábyrgð á afleiðingunum,<sup>31</sup> og það á jafnvel við um „okkur“ sem teljumst enga sök eiga á málinu.

26 Sjá t.d. skýrslu forsætisráðuneytisins *Ímynd Íslands. Styrkur, staða og stefna* (Reykjavík: Forsætisráðuneytið 2008) og Guðni Th. Jóhannesson, *Hrunið. Ísland á barni gjaldþrots og upplausnar* (Reykjavík: JPV útgáfa 2009), bls. 93–99.

27 Vef. Kaarlo Jännäri, „Report on Banking Regulation and Supervision in Iceland: past, present and future“, bls. 16, 30. mars 2009, <http://www.island.is/media/frettir/25.pdf>, sótt 13. október 2009. Þráinn Eggertsson og Tryggvi Þór Herbertsson virðast vera á svipaðri skoðun, sjá Vef. „System Failure in Iceland and the 2008 Global Financial Crisis“, bls. 28–29, <http://papers.isnie.org/berkeley.html>, sótt 15. október 2009.

28 Hannes H. Gissurarson, „Nýr Blefken?“, *Fréttablaðið* 11. júlí 2009, bls. 20.

29 Björgvin G. Sigurðsson, „Útrás og árangur bankanna“, *Viðskiptablaðið* 21. des. 2007, bls. 19.

30 Sjá t.d. Steinþór Ólafsson, „Árás á íslenska hagkerfið“, *Morgunblaðið* 27. mars 2006, bls. 17.

31 Sbr. Vef. Guðmundur Heiðar Frímansson, „Álitsgerð um frumvarp um ábyrgð

### *Hinir og við*

Fram að þessu hafa ríkisstjórnir bæði austanhafs og vestan, sem og Alþjóðastofnanir og samtök á borð við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Evrópusambandið (ESB), verið nokkuð samstiga í afstöðunni til Icesave-deilunnar. Meginkrafa þeirra hefur verið sú að Íslendingar greiði í það minnsta lágmarkstryggingar á innistæðum í útibúum íslenskra banka í Bretlandi og Hollandi og hefur hvergi verið hvikað frá þeirri kröfu þrátt fyrir áköf mótmæli Íslendinga. Þessi afstaða stafar örugglega að hluta til af því að hér snúast alhæfingar við, þ.e. að í augum „hinna“ erum „við“ „hinir“ sem hagkvæmt er að kenna um hvernig fór. Þessa afstöðu má lesa úr snaggaralegri athugasemd óþekkts lesanda við grein sem Eiríkur Bergmann Einarsson stjórn-málafræðingur birti á vefsíðu breska dagblaðsins *Guardian* í desember 2008 um ástæður þess að Íslendingar hefðu ekki sótt um aðild að Evrópusambandinu. „So we can't fish in Icelandic waters,“ sagði lesandinn, „but they can trawl through our bank accounts.“<sup>32</sup> Þetta var vart hægt að skilja á annan hátt en þann að þessum manni fyndust íslenskir skattgreiðendur ekkert of góðir til að bæta evrópskum sparifjáreigendum þann skaða sem íslenskir bankamenn höfðu valdið þeim.

Sjálfsagt hafa ekki margir Evrópubúar myndað sér skoðun á þessu flókna máli, en fátt bendir til að málstaður Íslendinga njóti mikillar samúðar í nágrannalöndunum. Þeir sem horfa á málið úr fjarlægð virðast þannig eiga mun erfiðara en Íslendingar með að greina á milli „okkar“ (saklausra Íslendinga) og „óreiðumannanna“ sem komu landinu á hvolf. Í svæsinni gagnrýni danska *Ekstrabladet* á framferði íslenskra viðskiptajöfra í Danmörku var þjóðerni þeirra vandlega undirstrikað og því haldið fram að viðskiptin í Danmörku væru liður í glæpsamlegri svikamyllu þar sem gróðinn lenti, eftir ýmsum króka-

---

ríkisins á skuld Tryggingasjóðs innistæðueigenda og fjárfesta vegna Icesave-reikninga Landsbanka Íslands“. Erindi nr. 137/638, 17. júlí 2009, <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=137&malnr=136&dbnr=638&nefnd=fl>, sótt 15. október 2009.

32 „Svo við getum ekki veitt í íslenski landhelgi, en þeir geta dregið vörpur sínar í gegnum bankareikninga okkar“. Vef. monopolyngod, athugasemd við grein Eiríks Bergmanns Einarssonar, „Caught in Europe's net?“, sem birtist á vef enska dagblaðsins *Guardian* 3. desember 2008, <http://www.guardian.co.uk/commentisfree/2008/dec/03/iceland-eu>, sótt 28. október 2008. Samkvæmt skráningu lesandans er hann búsettur í borginni Malaga á Spáni.

leiðum, á endanum á Íslandi.<sup>33</sup> Íslendingar sjálfir tóku líka gagnrýni á viðskiptalífið sem árás á sig; hátt álag á skuldir íslenskra fjármála-fyrirtækja var þannig skrifað á reikning ranghugmynda um „stöðu íslensku fjármála-fyrirtækjanna“ og „þá ágætu innviði sem hér hafa verið byggðir“, og það fól „í sér vanþekkingu ... á einkennum og eiginleikum þjóðarinnar“, eins og segir í svonefndri ímyndarskýrslu forsætisráðuneytisins sem út kom snemma árs 2008.<sup>34</sup> Því þarf ekki að koma á óvart að tilraunir „okkar“ nú til að afneita íslenskum banksnillingum hljómi ekki sannfærandi í allra eyrum.

Þeir sem hvað harðast hafa gagnrýnt afstöðu Íslendinga eru þó þeir sem eiga harma að hefna í Icesave-málinu og sjá því enga ástæðu til að hvítþvo „okkur“ af meintum glæpum. Þar má m.a. benda á fyrrverandi eigendur sparifjár hjá íslensku bönkunum, og þá ekki síst þá sem lagt höfðu fé sitt inn hjá Kaupþingi á Mön eða Landsbankanum á Guernsey, en þeim fannst eins og þeir hefðu fallið á milli skips og bryggju þegar kom að uppgjöri íslensku bankanna á Bretlandi. Lesa má viðhorf eins fulltrúa þessa hóps í athugasemd sem birtist við grein um Ísland á vefsíðunni *Timesonline* í október 2009. „Hvað Ísland varðar“, segir þar, „nærðist ríkisstjórnin af mestu ánægju á miklum gróða bankanna á meðan allt lék í lyndi, en nú lætur hún eins og sökin sé einungis örfárra einstaklinga í fjármálaelítu þeirra og að málið komi henni ekki við“. Mótmælti sparifjáraeigandinn hástöfum því sem hann kallaði „versta glæp“ ríkisstjórnar Íslands, en það var að hún mismunaði viðskiptavinum bankanna eftir þjóðerni með svokölluðum neyðarlögum sem sett voru snemma í október 2008. Þá var sparifé íslenskra innistæðueigenda tryggt að fullu en erlendir viðskiptavinir bankanna flokkaðir sem „annarsflokks sparifjáraeigendur“, svo aftur sé vitnað í athugasemd hins reiða sparifjáraeiganda.<sup>35</sup>

Í þessu felst meginvandi „okkar“ í þessari deilu. Flestum Íslendingum finnst óréttlátt að þeir séu krafðir um að taka á sig skuldbindingar fallins einkafyrirtækis, því að í kapítalísku hagkerfi ríkir sú grundvallarregla í viðskiptum að þau eru byggð á frjálsum samningum sem koma þeim einum við sem eiga beina aðild að viðskipt-

33 Vef. „Íslændingenes skattemodel“, <http://web.ekstrabladet.dk/grafik/islandskskattemodel.jpg>, sótt 15. október 2009.

34 *Ímynd Íslands*, bls. 30–31.

35 Vef. F. Erker, athugasemd við grein Sarah Haines, „Iceland exposed: How a whole nation went down the toilet“, *Timesonline* 1. okt. 2009, [http://women.timeonline.co.uk/tol/life\\_and\\_style/women/the\\_way\\_we\\_live/article6855928.ece#comment-have-your-say](http://women.timeonline.co.uk/tol/life_and_style/women/the_way_we_live/article6855928.ece#comment-have-your-say), sótt 15. október 2009.

unum. Samkvæmt þessu eru deilur breskra og hollenskra sparifjäreigenda — eða ríkisstjórna Bretlands og Hollands fyrir þeirra hönd — við þrotabú Landsbankans og Tryggingasjóð innistæðueigenda og fjárfesta íslenskum skattgreiðendum algerlega óviðkomandi, enda komum „við“ hvergi nálægt þeim viðskiptum. Þessi skoðun er í alla staði skiljanleg, en staða „okkar“ hefði óneitanlega verið mun sterkari ef íslensku bankarnir hefðu verið gerðir upp eins og hver önnur gjaldþrota einkafyrirtæki í október 2008. Það var alls ekki gert, því að ríkið yfirtók innlenda starfsemi bankanna, án þess að íslenskir sparifjäreigendur bæru nokkurn skaða, en útibú þeirra erlendis voru einfaldlega látin róa og engin ábyrgð viðurkennd á inneignum sparifjäreigenda þar. Það er með þessum rökum sem íslensk stjórnvöld eru sökuð um að mismuna viðskiptavinum bankanna eftir þjóðerni, og erfitt er að hafna þeim með öllu.<sup>36</sup>

Viðhorf evrópskra ráðamanna til Icesave-deilunnar virðast ekki síst hafa mótast af þessu atriði, enda tengist það grundvelli Evrópusamstarfsins alls. Þetta birtist skýrt strax í stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu (EBE) frá árinu 1957 (svokölluðum Rómarsáttmála), en í 7. grein hans er beinlínis tekið fram að öll mismunun á grundvelli þjóðernis í þátttökuríkjunum sé óheimil.<sup>37</sup> Líta má á þetta ákvæði sem ákveðið fráhrarf frá hugmyndum 19. aldar um þjóðríkið, þar sem ríkisfang borgaranna, með þeim rétti sem það gefur, og þjóðerni fylgist yfirleitt að. Þessi saga er vel þekkt og verður ekki rakin hér,<sup>38</sup> en grundvallarhugmyndin með EBE var sú að þótt gengið væri út frá því að þjóðríkin héldu velli sem sjálfstæðar pólitískar einingar, þá mynduðu aðildarlöndin öll einn sameiginlegan markað þar sem fólk, vörur og fjármagn áttu að streyma óhindrað á milli landa.

36 Sjá *Vef*. „Álit Hollendinga um skuldbindingar Íslands dags. 3. nóvember 2008 og lagt var fyrir gerðardóm í kjölfar ECOFIN fundar“ og „Álit Breta um skuldbindingar Íslands dags. 6. nóvember 2008 og lagt var fyrir gerðardóm í kjölfar ECOFIN fundar“, <http://www.island.is/endurreisn/stjornvold/adgerdirstjornvalda/samantekt-adgerda/icesave-samningurinn/skjol-vegna-icesave-samningsins/#lanasamningar>, sótt 30. október 2009. Þess ber að geta að íslenskir lögfræðingar hafa andmælt lagalegum forsendum þessarar Kröfu, sjá Stefán Már Stefánsson og Lárus L. Blöndal, „Mismunun og Icesave“, *Morgunblaðið* 6. júlí 2009, bls. 15.

37 Samninginn má lesa á *Vef*. European Navigator, „Treaty establishing the European Economic Community (Rome 25 March 1957)“, <http://www.ena.lu/>, sótt 30. október 2009.

38 Ágætis yfirlit yfir tilurð og sögu Evrópusamstarfsins er í John Pinder, *The European Union. A Very Short Introduction* (Oxford: Oxford University Press 2001).

Markmiðið með þessu var í senn að styrkja efnahag bandalagsríkja-anna að síðari heimsstyrjöldinni lokinni og að flétta efnahagslíf þeirra það þétt saman að þeim reyndist útilokað að fara með ófriði hvert gegn öðru í framtíðinni. Fyrir flestum var takmarkið auðvitað ekki síst að hemja Þýskaland, því að uppgangur nasista var Evrópubúum enn í fersku minni.

Hér er rétt að hafa í huga að söguleg reynsla Íslendinga og þeirra sex þjóða sem stofnuðu EBE var mjög ólík. Þegar Íslendingar fögnuðu Lýðveldisstofnun á Þingvöllum voru tæpar tvær vikur liðnar frá því her Bandamanna steig á landi á strönd Normandí, og enn var tæpt ár í lok heimsstyrjaldarinnar á meginlandi Evrópu. Styrjöldin átti sér auðvitað fjölmargar orsakir, en ein þeirra voru þó aldalangar deilur Þjóðverja og Frakka, þar sem tekist var á um þjóðarheiður og „réttlát“ landamæri þjóðríkjanna tveggja. Niðurstaða ráðamanna í þessum tveimur löndum var því sú að endurhugsa þyrfti söguna til að koma samskiptum þjóðríkjanna í eðlilegt horf og einfaldlega „gleyma“ þeim væringum sem þau höfðu átt í sín á milli. Lýðveldisstofnunin var aftur á móti í hugum Íslendinga farsæll endir margra alda sjálfstæðisbaráttu, þar sem fátæk þjóð barðist fyrir frelsi sínu. Sú staðreynd að þessi baráttu var friðsamleg og „óvinurinn“ í raun mjög sáttfús hefur gert það að verkum að lítil ástæða hefur þótt til þess að túlka söguna upp á nýtt — nema kannski sú staðreynd að kúgun Dana hefur verið stórlega ýkt. Af sömu ástæðu hafa Íslendingar fundið litla þörf hjá sér til að taka hugmyndina um þjóðríkið til endurskoðunar eða ræða pólitíska hlið Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Þó, og það vill reyndar oft gleymast, hafa Íslendingar gert ýmsar grunnreglur ESB að sínum með EES-samningnum, þar með talið umrætt bann við mismunun á grundvelli þjóðernis.<sup>39</sup> Yfirleitt er rætt um samninginn fyrst og fremst sem aðgöngumiða „okkar“ að evrópskum mörkuðum, en sjaldan sem lið í því að endurskrifa söguna. Þetta er sjálfsgagt meginástæða þess að íslenskir stjórnmalamenn, og Íslendingar yfirleitt, eiga mjög erfitt með að skilja afstöðu leiðtoga nágrannaþjóðanna í Icesave-málinu. „Við“ lítum á málið fyrst og fremst sem lagalegan ágreining, sem leysast eigi fyrir „hlutlausum“ dómstólum, en fyrir „hinum“ varðar málið pólitískar forsendur Evrópusamstarfsins alls. Hér tala málsaðilar sitthvort tungumálið og því ekki að undra að þeir tali gjarnan í kross.

39 Sbr. 4. og 40. gr. EES-samningsins. Vef. „Yfirlit yfir EES-samninginn“, <http://www.utanrikisraduneyti.is/samningar/ees/EESsamningur//nr/722#meginmal>, sótt 30. október 2009.



*Ein eða með öðrum*

Þegar lítið er á þann gríðarlega vanda sem íslenskt samfélag glómir við virðist undarlegt hversu mikið rými Icesave-deilan hefur fengið í íslenskum stjórnámálum og opinberri umræðu á síðustu mánuðum.<sup>40</sup> Alþingi eyddi mörgum vikum af dýrmætum tíma sínum sumarið 2009 í að ræða ríkisábyrgð á Icesave-skuldinni, þar sem hnútur flugu í þingsal og í fjölmiðlum með brigslum um svik við þjóðina og landráð af ýmsum toga. Ég finn einkum tvær skýringar á því hvers vegna Icesave-deilan hefur notið jafn mikillar athygli og raun ber vitni — fyrir utan þá augljósu staðreynd að gríðarlegir fjármunir eru í spilinu. Í fyrsta lagi hefur deilan snúist um það hvernig línur eru dregnar á milli saklausra fórnarlamba efnahagshrunsins og hinna sem teljast eiga sök á því. Að þessu leyti er hún barátta um skilgreiningar á hugtökunum „við“ (sem enga ábyrgð berum á „pakkanum“) og „hinum“ (andstæðingum „okkar“). Deilan er því hluti innra uppjörs á Íslandi, þar sem forkólfar í viðskiptalífínu, stjórnámálamenn, forstöðumenn opinberra stofnana, fræðimenn o.s.frv. reyna að skilgreina sekt og ábyrgð hópa og einstaklinga á falli bankanna. Þessi umræða er einhvers konar blanda af gagnrýni á framferði annarra og afsökunum á eigin hegðun, og skiptir sem slík fyrst og fremst máli fyrir það hvernig saga tímabilsins verður skrifuð í framtíðinni.

Í öðru lagi fellur Icesave-deilan fullkomlega að hefðbundinni söguskoðun Íslendinga, enda hefur dæmum úr fortíðinni óspart verið flaggað til að skýra hegðun íslenskra stjórnámálamanna eða viðhorf útlendinga til „okkar“. Deilan, eins og stór hluti Íslendinga skilur hana, er enn einn áfanginn í baráttu „okkar“ við óbilgjarna útlendinga, sem hafa það helst að markmiði að beygja Íslendinga undir vilja sinn og sölsa undir sig auðlindir þjóðarinnar. Í slíkum átökum má hvergi víkja frá hagsmunum „okkar“, því að allt annað eru svik við heilagan málstað sjálfstæðisbaráttunnar. Því virðist stór hluti Íslendinga, ef ekki skýr meirihluti, frekar vilja hafna öllu efnahagssamstarfi við umheiminn en að ganga að kröfum „hinna“ í Icesave-deilunni.

Í raun snýst deilan því ekki aðeins um þá milljarða sem okkur Íslendingum er gert að greiða með Icesave-samningnum, heldur einnig um sögulega orðræðu, eða pólitíska heimsmynd sem mótast af sögulegum „minningum“. Í opinberri umræðu á Íslandi virðist lítið hafa

40 Sbr. Stefán Ólafsson, „Icesave er 15 prósent af vandanum“, *Fréttablaðið* 9. okt. 2009, bls. 20.

breyst í þessum efnum á undanförnum árum þrátt fyrir viðtæka endurskoðun íslenskra sagnfræðinga á Íslandssögunni. Andstaðan við innngöngu Íslands í ESB er þannig hiklaust lögð að jöfnu við baráttuna gegn meintri „ásælni Dana“ í íslenskar auðlindir á fyrri hluta 20. aldar, á þeirri forsendu að sagan gangi í eilífa hringi og „vandamál sem áður voru leyst gleymast en fæðast að nýju í nýju formi“.<sup>41</sup> Um miðja síðustu öld tóku evrópskir ráðamenn aftur á móti þá ákvörðun að sagan mætti ekki hringsnúast með þessum hætti, því að þeir vildu forðast að sitja fastir í vítahring eilífra hefnda fyrir fornar sakir. Fyrirbæri eins og „sameiginlegur markaður“, „evrópsk sjálfmynd“, „evrópskur ríkisborgararéttur“, o.s.frv., tengjast þessu markmiði órjúfandi böndum, enda er það forsenda þeirrar þróunar sem kölluð hefur verið „samþætting Evrópu“ (e. *European integration*). Sá lærdómur sem draga má af Icesave-málinu er kannski helst sá að við Íslendingar getum ekki valið einstaka mola úr því sem „hin nýja Evrópa“ hefur upp á að bjóða en hafnað öðrum. Annaðhvort göngum við í takt með „hinum“ — tökum „allan pakkann“ með þeim kostum og göllum sem honum fylgja — eða ákveðum að standa ein og spjara okkur upp á eigin spýtur.

---

41 Sjá Ívar Jónsson, „Sjálfstæðisbaráttan fyrr og nú“, *Morgunblaðið* 23. október 2009, bls. 22.